

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/686 2017/EES/48/44

frá 1. febrúar 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/96 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 ⁽²⁾ er kveðið á um að losunarmörk sem vísað er til sem III. áfanga B fyrir hreyfla með þjöppukveikju á aflsviðinu 56-130 kW myndu gilda til og með 30. september 2016 fyrir gerðarviðurkenningu landbúnaðardráttarvéla í flokkum T2, T4.1 og C2, sem búnar eru slíkum hreyflum og einnig til og með 30. september 2017 fyrir setningu slíkra dráttarvéla á markað. Ákvæði IV. áfanga, þar sem kveðið er á um strangari losunarmörk en í III. áfanga B, myndu taka gildi 1. október 2016 fyrir gerðarviðurkenningu slíkra hreyfla og þeirra dráttarvéla með lítilli sporvidd sem búnar eru þeim hreyflum og 1. október 2017 fyrir setningu slíkra hreyfla á markað.
- 2) Til að koma í veg fyrir að í löggjöf Sambandsins sé mælt fyrir um tæknilegar kröfur sem enn er ekki hægt að uppfylla og til að koma í veg fyrir aðstæður þar sem landbúnaðardráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2, sem búnar eru hreyflum á aflsviðinu 56-130 kW, gætu ekki lengur fengið gerðarviðurkenningu, verið settar á markað eða teknar í notkun er nauðsynlegt að kveða á um 1 árs umbreytingartímabil. Á því tímabili geta dráttarvélar enn fengið gerðarviðurkenningu, verið settar á markað eða teknar í notkun ef þær hlíta losunarmörkum III. áfanga B.
- 3) Til að gera snurðulausa umbreytingu mögulega fyrir iðnaðinn við beitingu IV. og V. áfanga losunarmarkna, sem næstir eru, á landbúnaðardráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2, sem búnar eru hreyflum á aflsviðinu 56-130 kW, er nauðsynlegt að laga skilyrðin fyrir beitingu sveigjanleikaáætlunarinnar að þeim og heimila hana með auknu hlutfalli í IV. áfanga.
- 4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/96 til samræmis við það.
- 5) Framseld reglugerð (ESB) 2015/96 er nú þegar í gildi, en breytingarnar á henni, fyrir snurðulausa umbreytingu að beitingu IV. áfangans á dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 hafa verið gerðar mögulegar og skyldubundnar eftir þá dagsetningu sem áfanginn kemur til framkvæmda (30. september 2016) fyrir slíkar dráttarvélar, í kjölfar breytinga á reglugerð (ESB) nr. 167/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1628 ⁽³⁾. Reglugerð þessi ætti því að öðlast gildi, eins fljótt og auðið er,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/96 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 11. gr.:

„4. Að því er varðar gerðarviðurkenningu og setningu á markað:

- a) skal seinka um 4 ár þeim dagsetningum sem settar eru fram í málsgreinum 3c og 3d í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB, fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í flokkum T2, T4.1 og C2, eins og þau eru skilgreind í 3., 6. og 9. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 99, 12.4.2017, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtið. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

- b) skal seinka um 3 ár þeim dagsetningum sem settar eru fram í málsgrein 4a í 9. gr. tilskipunar 97/68/EB, fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í flokkum T2, T4.1 og C2, eins og þau eru skilgreind í 3., 6. og 9. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,
- c) skal seinka um 3 ár þeim umbreytingar- og undanþáguákvæðum sem sett eru fram í málsgrein 4a í 9. gr. og í 5. málsgrein í 10. gr. tilskipunar 97/68/EB og í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í flokkum T2, T4.1 og C2, eins og þau eru skilgreind í 3., 6. og 9. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.“
- 2) Í stað liðar 1.1.1 í V. viðauka komi eftirfarandi:

„1.1.1. Fjöldi ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt, sem settur er á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, skal ekki vera meiri, í hverjum hreyfilflokki, en 20% af árlegum fjölda ökutækja sem sett eru á markað af framleiðanda með hreyfla á viðeigandi aflsviði (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði í Evrópusambandinu síðastliðin 5 ár). Þrátt fyrir fyrsta málslið þessarar málsgreinar, skal, einungis að því er varðar dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2, fjöldi ökutækja sem sett eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni í IV. áfanga ekki vera meiri, á hverju aflsviði hreyfils, en 150% af árlegum fjölda ökutækja sem sett eru á markað af framleiðanda með hreyfla á viðeigandi aflsviði (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði í Evrópusambandinu síðastliðin 5 ár). Ef framleiðandi ökutækis hefur sett ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt á markað í Sambandinu skemur en í 5 ár skal meðaltalið reiknað út frá þeim rauntíma sem framleiðandinn hefur verið með ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt á markaði í Sambandinu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
